



Til góðra verka

*Stofnanasamningur milli AFLs – Starfsgreinafélags
og Menntaskólans á Egilsstöðum
um forsendur röðunar starfa.*

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS,
hins vegar, dags. 7. apríl 2004.

Efnisyfirlit

1 Gildissvið.....	3
2 Forsendur röðunar.....	3
3 Ráðningarsamband – ráðningarsamningar	3
4 Símenntun og starfsmannaviðtöl	3
5 Starfaflokkun til launa og grunnröðun: Grunnröðun.....	4
6 Réttur til endurmats á röðun starfs.....	5
7 Álagsgreiðslur	5
8 Laun við nám	5
9 Áhættumat og líkamsbeiting	6
10 Vinnufatnaður.....	6
11 Afleysingar í forföllum	6
12 Endurskoðun.....	6
Fylgiskjal 1	7

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra starfsmanna hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum, sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og SGS hins vegar, dags. 7. apríl 2004.

2 Forsendur röðunar

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðli starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Röðun starfa/starfsmanna í launaflokka er á grundvelli:

1. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum, sbr. lið 5 í þessu samkomulagi um þætti er ráða grunnröðun starfa og um persónubundna þætti.
2. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis innan skólans þegar störfum er raðað til launa. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis innan skólans.

Gerð starfslýsinga og ákvörðun um niðurröðun verkefna er í höndum viðkomandi stofnunar.

3 Ráðningarsamband – ráðningarsamningar

Gerður skal ráðningarsamningur við alla starfsmenn og skal um heilsársráðningarsam band vera að ræða.

4 Símenntun og starfsmannaviðtöl

Menntaskólinn á Egilsstöðum, í samráði við AFL – Starfsgreinafélag Austurlands og trúnaðarmenn þess í starfi hjá ME, setja fram fastmótaða endurmenntunar- og fagáætlun fyrir starfsfólk sem tekur laun samkvæmt samningi þessum. Skal í áætlun þessari stefnt að því að starfsfólki ME og félagsmönnum AFLs verði gert kleyft að efla sig í starfi, auka þekkingu sína og færni í starfi og fá umbun fyrir frumkvæði sitt í þessum þáttum.

Starfsmenn sem starfa samkvæmt samningi þessum skulu hafa rétt á starfsmannaviðtali einu sinni árlega frá og með október 2006 að telja. Tilgangur viðtalsins er:

- a. Starfsmaður skýrir frá væntingum sínum og metnaði til að auka færni sína.
- b. Yfirmaður og fulltrúi ME fjallar um það hvernig væntingar og óskir starfsmanns munu nýtast ME.
- c. Yfirmaður skýrir frá því hvernig ME lítur á framlag starfsmanns til þess tíma sem viðtalið á sér stað og væntingar ME til starfsmannsins í framtíðinni.

Aðilar koma sér saman um persónubundna áætlun fyrir starfsmanninn. Áætlunin taki til námskeiða eða menntunar sem starfsmaðurinn sækir sér til aukinnar færni í starfi. Áætlunin

skal tiltaka þá umbun sem starfsmaður má vænta að lokinni áætluninni.

5 Starfaflokkun til launa og grunnröðun: Grunnröðun

Starf A. Lfl. 5

Starf B Lfl. 6

Starf C Lfl. 8

Skilgreiningu á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Við nánari ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. kafli hér að framan um forsendur röðunar.

Vegna breytinga á starfsemi framhaldsskólanna Menntaskólans á Egilsstöðum geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari og skal þá raða skal þeim þarf að raða sérstaklega með samkomulagi í samstarfsnefnd.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar hér á eftir.

Annað sem áhrif hefur á einstaklingsröðun

Menntun umfram grunnkröfur starfs allt að	3
Starfsmaður sem sótt hefur 50 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
Frekara nám sem lokið er í samráði við stofnun og nýtist í starfi	2

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar.

Starfsreynsla.	4
Starfsmaður sem öðlast hefur eins árs starfsreynslu við sambærileg störf	1
Starfsmaður sem öðlast hefur þriggja ára starfsreynslu við sambærileg störf	1
Eftir 5 ára starfsaldur hjá ME skulu starfsmenn hækka um 1 launaflokk	1
Eftir 10 ára starfsaldur hjá ME skulu starfsmenn hækka um 1 launaflokk	1

Frammistaða allt að	3
----------------------------	----------

Heimilt er að meta til viðbótar persónulega hæfni/þætti sem varðar einstakan starfsmann svo sem samstarfshæfni, getu til að vinna flókin eða vandasöm verkefni eða aðra hæfni umfram það sem almennt gerist.

Álag	3
Álag vegna tilfallandi forfalla starfsfélaga	1
Álag vegna sérstakra aðstæðna, s.s. óþrif vegna framkvæmda, ófrágenginnar lóðar og/eða annarra íþyngjandi aðstæðna	2

6 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings aðila.

7 Álagsgreiðslur

Þegar fastur vinnutími fellur að hluta eða öllu leyti á tímabilið frá kl. 17.00 – 24.00 mánudaga – föstudaga skal greiða þá vinnu með álagi samkvæmt grein 1.5.1 í kjarasamningi SGS og fjármálaráðherra.

8 Laun við nám

Þeir starfsmenn sem taka þátt í símenntunaráætlun skólans skulu halda reglubundnum launum og fá greiddan kostnað smbr. ákvæðum 10. kafla aðalkjarasamning SGS og ríkisins.

9 Áhættumat og líkamsbeiting

Menntaskólinn á Egilsstöðum skal í samráði við trúnaðarmann starfsmanna láta framkvæma áhættumat á húsnæði skólans og sjá starfsmönnum fyrir leiðbeiningum um líkamsbeitingu.

10 Vinnufatnaður

Starfsfólk leggi sér til vinnufatnað en fær greidda mánaðarlega upphæð smbr. lið 8.3.2. í aðalkjarasamningi SGS og fjármálaráðherra.

11 Afleysingar í forföllum

Álag (1. lfl.) sem kveðið er á um í grein 5 hér að framan á bætir einungis aukaálag sem starfsfólk verður fyrir vegna tilfallandi forfalla vinnufélaga. Í lengri forföllum/veikindum skal ráða afleysingarstarfskraft.

12 Endurskoðun

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Egilsstöðum, 11. júní 2004

f.h. Menntaskólans á Egilsstöðum

(sign)

f.h. AFLs – Starfsgreinafélags Austurlands

(sign)

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun hjá Menntaskólanum á Egilsstöðum með tilliti til launaröðunar.

Starf A

- Almenn ræsting

Starf B

- Blönduð störf – ræsting/umsjón

Starf C

- Ræstingarstjóri